

að eigendur Einarstaða kirkju greiði prestinum í kallinu, jafnskjótt og sóknirnar eru lagðar saman, að eins helming leigu þeirrar, sem þeir áður hafa gildið af kúgildum Einarstaða kirkju, 6 fjórðunga (60 pund) af smjöri, og

1872.

27. júní.

að það verði falið stiptsyfirvöldunum yfir Íslandi á hendur, að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf í þessu tilliti.

Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtuð það og gjörðu þær ráðstafanir, sem með þarf.

## 71. Erindisbréf fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi. (á Íslenzku og Dönsku).

29. júní.

Samkvæmt valdi því, sem dómsmálastjórninni er veitt með konungsráðgjafi í dag, er hér með skrásett svo látandi erindisbréf fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi:

### 1. grein.

Samkvæmt þessu erindisbréfi framkvæmir landshöfðinginn undir umsjón þess ráðgjafa eða þeirra ráðgjafa, sem í hlut eiga, hið æðsta vald yfir hinum sérstaklegu málum landsins í landinu sjálfu.

### 2. grein.

Landshöfðinginn skal hegða sér eftir hinum gildandi lögum og tilskipunum, og sömuleiðis eftir því, sem hlutaðeigandi ráðgjafar segja honum fyrir eða skipa honum, og skulu þeir, hver fyrir sitt verksvið, annaðhvort sjálfir skera úr kærnum þeim, sem fram kunna að verða bornar gegn tæðum embættismanni yfir því, að hann hafi beitt valdi sínu um of, eða leggja þær undir úrskurð konungs.

### 3. grein.

Landshöfðinginn skal gjöra uppástungur til hlutaðeiganda

1872.

29. júní.

ráðgjafa í öllum sérstaklegum íslenskum málum, sem eptir þeim reglum, sem hingað til hafa um það gilt, hafa komið, eða eptir nánari ákvörðun kunna að koma beinlínis undir úrskurð konungs.

Hið sama er um þau mál, sem snerta fjárhagsáætlun Íslands eða reikninga, eða sem eru þess eðlis, að semja þurfi um þau við hina ráðgjafana, eða sem samkvæmt tilskipun eður sérstaklegri ákvörðun hlutaðeiganda ráðgjafa koma beinlínis undir úrskurð hans.

## 4. grein.

Landshöfðinginn gjörir uppástungur til hlutaðeiganda stjórnarráðs um þess konar ný lög og aðrar almennar ráðstafanir í þarfir Íslands, sem honum kann að finnast vera ástæða til.

## 5. grein.

Eins og landshöfðingi er milligöngumaður milli stjórnarinnar og allra embættismanna og embættisþjóna, sem skipaðir eru á Íslandi, þannig eru þeir undirgefnir landshöfðingjanum, og skal hann hafa umsjón með embættisfærslu þeirra.

Landshöfðingi veitir ferðaleyfi öllum íslenskum embættismönnum. Þegar embætti eru laus, skal hann sjá um, að þeim verði þjónað með því að setja menn í þau um tíma, og hefir hann heimild til að víkja frá um stundar sakir öllum embættismönnum, sem skipaðir eru á Íslandi; samt skal hann með fyrsta pósti þar á eptir senda skýrslu til hlutaðeiganda ráðgjafa, ásamt þeim upplýsingum, sem með þarf, til þess að úr því verði skorið, hvort höfða skuli lögsókn á hendur þeim, sem í hlut á, eða gjöra skuli aðra ráðstöfun í þessu tilliti.

## 6. grein.

Landshöfðinginn sèr um, að reikningarnir komi á réttum tíma frá öllum gjaldheimtumönnum á Íslandi, og skal hann beita þvingun til þess að koma því til leiðar á þann hátt, sem honum þykir við þurfa eða við eiga, annaðhvort með því að leggja á þvingunarsektir eða eptir atvikum með því að víkja þeim frá um stundar sakir, sem í hlut á. Alla reikninga skal því senda áleiðis til landshöfðingja, og skal hann ganga úr skugga um, að kröfum

1872.  
29. júní.

landssjóðsins sè fullnægt, og ef það reynist ekki svo, gjöra þegar þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að koma því fram með þvingun, að þeim verði fullnægt, en jafnframt skal hann senda skýrslu um þetta til hlutaðeiganda ráðgjafa.

## 7. grein.

Störf þau, sem stiptamtmaður hingað til hefir haft með tilliti til þess, að jafna niður alþingiskostnaði (opið bréf 18. júlí 1848), skulu falin landshöfðingja á hendur.

## 8. grein.

Landshöfðinginn setur umboðsmenn yfir konungsjarðirnar eptir uppástungu hlutaðeiganda amtmanns og ákveður, hve mikið umboðsmenn og sýslumenn skuli setja í veð fyrir gjaldheimtum þeim, sem þeim er trúað fyrir.

## 9. grein.

Yfirstjórn hinna íslensku póstmála í landinu sjálfu skal landshöfðingi hafa á hendi, og fær hann ráð þess fjár, sem tilfært er á fjárhágsáætlun Íslands, til þess að greiða kostnaðinn við tæð póstmál.

## 10. grein.

Mál, sem snerta fiskiveiðar útlendra við Ísland, að því leyti, sem þau verða útkljáð án samninga við útlendar þjóðir, og svo mál útaf skipströndum, skulu koma undir vald landshöfðingja.

## 11. grein.

Þau störf, sem stiptamtmaður hingað til hefir haft með tilliti til skrásetningar og mælinga skipa, skal landshöfðingi takast á hendur.

## 12. grein.

Landshöfðingja skal falið á hendur vald til þess að leggja fullnaðar úrskurð á sveitarmál — en hér er talið með, þegar ágreiningur verður milli fleiri íslenskra sveitarfélaga um framfærslu þurfamanna —, að svo miklu leyti, sem lög leyfa, að framkvæmdarvaldið gjöri út um þessi mál.

## 13. grein.

Allar skýrslur, sem til þessa hafa verið sendar til stjórnarráðanna fyrir allt landið, skal eptirleiðis senda landshöfðingja, og

1872.

29. júní.

býr hann síðan til á hverju ári tvær aðalskýrslur, aðra handa dómsmálastjórninni og hina handa kirkju- og kennslustjórninni, um mál þau, sem varða hvort af þessum stjórnarráðum útaf fyrir sig.

## 14. grein.

Vald það, sem veitt er stiptamtmani samkvæmt hinum almennu hegningarlögum, 25. júní 1869, og tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl., 4. marz 1871, skal falið á hendur landshöfðingjanum. Hann ákveður fyrir hönd hins opinbera, hvort skjóta skuli sakamálum til hæztaréttar.

## 15. grein.

Landshöfðinginn er forseti í hinum konunglega íslenska landsyfirrétti, og framkvæmir í þessari stöðu vald það, sem stiptamtmaður hingað til hefir haft á hendi. Hann veitir gjafsókn fyrir landsyfirrétti og önnur leyfisbréf viðvíkjandi málaferlum, sem stiptamtmaður hingað til hefir gefið út.

## 16. grein.

Landshöfðinginn gefur út samkvæmt tilskipunum þeim, sem um það gilda, þessi konungleg leyfisbréf o. s. frv., sem dómsmálastjórnin hingað til hefir veitt fyrir hönd konungs:

a) leyfisbréf þau, sem nefnd eru í konungskurði 25. maí 1844, 3., 4. og 5., til þess að ganga í nýtt hjónaband, undantekningar frá D. L. 3—16—8 og leyfisbréf til hjónaskilnaðar;

b) uppgjöf þá eða lækun á sektum, sem fyrir er mælt um í konungskurði 23. desbr. 1864, I, 1 — þó því að eins að sektin fari ekki fram úr 25 rd. — svo og leyfisbréf þau til ættleiðingar og til hjónaskilnaðar, er getið er í tæðum úrskurði I, 2, 4 og 5.

## 17. grein.

Dómsmálastjórnin getur fengið landshöfðingja í hendur umráðin yfir allt að helmingi þess fjár, sem ætlað er til óvissra útgjalda fyrir Ísland, sem uppá kunna að koma; samt skal hann árlega seuda skýrslu til hlutaðeiganda stjórnarráðs um það, hvernig fænu hafi verið varið. Þar að auki útbýtir landshöfðingi eptir uppástungu biskups fê því, sem tilfært er á hinni árlegu fjár-

hagsáætlan Íslands handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum.

1872.  
29. júní.

18. grein.

Landshöfðinginn hefir umsjón yfir hinum íslenzka landssjóð (jarðabókarsjóðnum).

19. grein.

Að þeim málum undan teknum, sem nefnd eru í 3. grein, skal landshöfðingi yfirhöfuð gjöra út um þau sérstaklegu íslenzku mál, sem dómsmálastjórnin eða kirkju- og kennslustjórnin hingað til hafa úrskurðað, að því leyti að ekki leiðir af þeim útgjöld annaðhvort fyrir landssjóðinn fram yfir þær upphæðir, sem til teknar eru á hverju ári, og sem hann hefir umráð yfir samkvæmt 9. gr., samanbr. 17. gr., eða fyrir aðra sjóði, sem Ísland á, fram yfir það, sem ákveðið er um, hvornig þeim skuli verja, eða þau fara fram á, að gefnar sé upp tekjur, sem landssjóðurinn eða tæðir sjóðir eiga tilkall til.

20 grein.

Um veiting brauða, sem laus eru, gilda þær reglur, sem settar eru í tilsk. 15. desembr. 1865, 2. gr., þangað til öðruvisi verður fyrir mælt, þó skal staðfesting sú á brauðaveitingu stuftsyfirvaldanna á Íslandi, sem hingað til hefir verið áskilin konungi, falin á hendur landshöfðingja.

21. grein.

Í fjærvist landshöfðingja eða forföllum hans, og sömuleiðis ef, hann skyldi deyja, skal forstjórinn í hinum konunglega íslenzka landsyfirrætti takast á hendur störf hans, nema stjórnin skipi öðruvisi fyrir um þetta.

Í dómsmálastjórninni, 29. dag júním. 1872.

*Fr. Krieger.*

*Fr. Reinhardt.*

1872.

29. júní.

Með konungsúrskurði 4. maí þ. a. var allramildilegast samþykkt, að setja landshöfðingja yfir Ísland frá 1. apríl 1873, og hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegneglum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 29. júní þ. á. allramildilegast að fela henni á hendur, að gefa út erindisbréf fyrir landshöfðingjann, og enn fremur auk annars að fallast á:

að landshöfðingja, sem skal hafa sömu nafnbótartign og stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hingað til hefir haft, skuli veittir 4000 rd. í árleg laun, 1000 rd. til borðfjár, 1200 rd. til skrifstofukostnaðar og afnot embættisbústaðar og jarðar, sem stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hingað til hefir haft; samt skal hann vera laus við að borga leigur af byggingarskuld þeirri, sem nú hvílir á stiptamtmannshúsinu, og borga nokkuð uppí skuldina,

að skipaður verði skrifari við landshöfðingja-embættið frá 1. apríl 1873; skulu honum veittir í árleg laun, í upphafi 800 rd., sem vaxa um 100 rd. fyrir hver 2 embættisár, unz þau eru orðin 1200 rd.;

að suður- og vesturamt Íslands, sem að öðru leyti eins og hingaðtil framvegis skulu vera tvö sèrstök umdæmi, skuli lögð undir einn amtmann; skal hann hafa aðsetur í Reykjavík og ásamt með biskupi hafa á hendi þau embættisstörf, sem á stiptsyfirvöldunum hvíla; amtmanninum yfir suður- og vesturumdæmi Íslands skulu veitt í árleg laun, upphaflega 2,400 rd., sem vaxa um 200 rd. fyrir hver 5 ár í embættinu, unz þau eru orðin 3,200 rd., auk 300 rd. í húsaleigustyrk, og 800 rd. til skrifstofukostnaðar.

1. júlí.

## 72. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um burtfararpróf við prestaskólann eftir eins árs undirbúning.

Útaf bænarskrá nokkurri, sem hingað hefir borizt með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 14. f. m., og þar sem póstað greiðslumaður Óli Finsen, sækir um fyrir stúdentana Jón Halldórsson og Steingrím Jónsson, að þeim verði leyft að ganga undir burtfararpróf frá prestaskólanum í Reykjavík eftir eins árs undir-